

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Nýtt deiliskipulag fyrir Áshamar 2, reitur 3A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 12. janúar sl. deiliskipulag fyrir reit 3A, við Áshamar 2 í Hamranesi. Á deiliskipulagsreitnum, sem úthlutað var sem þróunarreit, er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir fjölbýlishús með allt að 140 íbúðum.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 4. apríl 2022.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 20. apríl 2022